

VATNSVEITUSAMÞYKT

73
25. okt.

fyrir

Vatnsveitufjelag Skildinganeskaupþúns.

1. gr.

Nafn fjelagsins er Vatnsveitufjelag Skildinganeskaupþúns.

2. gr.

Heimilisfang fjelagsins er í Skildinganeskaupþúni og varnarþing þess í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

3. gr.

Verkefni fjelagsins er að sjá fjelagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, með því að leggja vatnsæð frá vatnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar um vegi og óbygð svæði að lóðum fjelagsmanna, halda vatnsveitunni við og afnast rekstur hennar.

Vatnsveitufjlagið hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á fjelagssvæðinu (sbr. 4. gr.), svo og á hafnarsvæðinu fram undan fjelagssvæðinu.

4. gr.

Fjelagssvæðið er landsvæði þau, sem á uppdrætti þeim, sem lagður var til grundvallar við undir- og yfirsifti jarðarinnar Skildinganes 1916 og 1917, staðfestum af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. sept. 1917 eru merkt með bókstöfunum a_2 , b_3 , b_4 , c_2 , c_3 , d_2 , d_3 , e_1 , e_2 , f_2 , en landsvæði þessi takmarkast frá sjó af norðausturtakmörkum lóðar H/f. Shell á Íslandi, veginum (svonefndum Shellvegi), sem liggur frá þeirri lóð norður að hinum sameiginlega þvervegi landeigenda, síðan af þverveginum þar til hann kemur á veginn frá Skildinganesi til Reykjavíkur, síðan ræður sá vegur að landamerkjum gagnvart Reykjavík, þaðan ráða landamerki milli Reykjavíkur og Skildinganes að landi Þormódsstaða en síðan landamerkin milli Skildinganes og Þormódsstaða til sjávar. Eigendur landareigna á þessu svæði og þar með fjelagar í vatnsveitufjelaginu eru þeir, sem tilgreindir eru á sjerstakri skrá.

5. gr.

Nú óska nýir menn inntöku í fjlagið og skulu þeir þá senda stjórn fjelagsins skriflega umsókn þar um. Telji stjórnin, að skylt sje

73 25. okt. samkvæmt landslögum að veita umsækjendum inntöku, getur hún gert það, ef umsækjendur skuldbinda sig til að hlýta samþykkt fjelagsins og þeim sjerstöku skilyrðum, er fjelagsstjórn kann að setja umsækjendum. Að öðrum kosti skal stjórnin leggja umsóknir um inntöku í fjelagið fyrir fjelagsfund.

6. gr.

Um úrsögn úr fjelaginu fer sem segir í 111. gr. vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923.

7. gr.

Lögmætir fjelagsfundir hafa æðsta vald í öllum fjelagsmálum með þeim takmörkunum, sem samþykkt þessi setur. Fjelagsfundir eru lögmætir þegar löglega hefir verið til þeirra boðað, án tillits til þess hve margir sækja fundi, nema öðruvísi sje sjerstaklega ákveðið í samþykkt þessari.

8. gr.

Aðalfundur fjelagsins skal haldinn á fjelagssvæðinu í síðasta lagi í febrúarmánuði ár hvert. Skal stjórnin boða til hans annaðhvort með ábyrgðarbrjefum til fjelagsmanna eða auglýsingu í 2 dagblöðum í Reykjavík. Skal fundarboðið birt fjelagsmönnum með að minsta kosti viku fyrirvara, sem telst frá og með næsta degi eftir að ábyrgðarbrjef til fjelagsmanna eru sett á póst í Reykjavík eða auglýsing kemur út í blöðunum. Dagskrár samkvæmt 13. gr. sje getið í fundarboðinu.

9. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn fjelagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun eða þegar þess er krafist skriflega af að minsta kosti 10 fjelagsmönnum. Skal jafnframt kröfunni um fundinn skýrt frá því, í hvaða tilgangi fundarins er krafist. Skal stjórnin þá boða fundinn innan 14 daga frá því krafan kom henni í hendur, e'lla geta fjelagsmenn gert það sjálfir.

Aukafundir skulu haldnir á fjelagssvæðinu og skal til þeirra boðað með sama fyrirvara og á sama hátt og til aðalfundar, sbr. 8. gr. Dagskrár sje getið í fundarboðinu, enda verður aðeins tekin ályktun um þau mál, sem nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema að minsta kosti $\frac{5}{6}$ fundarmanna samþykki annað.

10. gr.

Fjelagsmenn geta falið öðrum fjelagsmönnum að fara með atkvæði sín á fundum. Þó geta stjórnendur fjelagsins eigi farið með umboð fyrir aðra. Hver fjelagsmaður hefir eitt atkvæði á fundum fjelagsins.

11. gr.

73

25. okt.

Aðaltillögur þær, sem koma eiga fram á fjelagsfundum, skulu vera til sýnis hjá formanni fjelagsins þrem dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningar frá þessu á fundum með $\frac{5}{6}$ greiddra atkvæða. Viðauka- og breytingartillögur við aðaltillögur, sem löglega eru fram komnar, má bera upp á fundinum sjálfum, þó fjelagsmönnum hafi eigi verið gefinn kostur á að kynna sjer þær.

Þrem dögum fyrir hvern aðalfund skal reikningur fjelagsins fyrir hið liðna ár ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum fjelagsstjórnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar vera til sýnis fyrir fjelagsmenn hjá formanni fjelagsins.

12. gr.

Fjelagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sjer fundarritara. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmati fundarins, form umræðnanna, meðferð málanna á fundum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a. Stjórn fjelagsins skýrir frá gjörðum sínum og framkvæmdum á liðnu starfsári og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum fjelagsstjórnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
- b. Kosið skriflega í stjórn fjelagsins samkvæmt 16. gr.
- c. Kosnir endurskoðendur samkvæmt 23. gr.
- d. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.

14. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fjelagsfundum, nema tveir eða fleiri fái jafn mörg atkvæði við kosning stjórnenda eða endurskoðenda því þá skal hlutkesti ráða. Þó verður samþykkt fjelagsins eigi breytt nema á fundi sjeu $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna, og breytingar á samþykktinni samþykta með $\frac{3}{4}$ hlutum greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slíkan fund, skal innan 14 daga boðað til nýs fundar á sama hátt sem segir í 8. gr. Ræður sá fundur málinu til lykta með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða, án tillits til þess, hve margir fjelagsmanna sækja fundinn. Tillögur um breytingar á samþykkt fjelagsins má eigi taka til meðferðar á fundi, nema þess hafi verið sjerstaklega getið í fundarboði, að slíkar tillögur komi fyrir fundinn.

73

25. okt.

15. gr.

Í sjerstaka gjörðabók skal rita allar fundarsamþyktir og stutta skýrslu um annað, er gjörist á fjelagsfundum. Fundargjörðin skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði og undirskrifuð af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefir fram á fundinum.

16. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 fjelagsmenn, kosnir á aðalfundi. Hin fyrsta stjórn fjelagsins skal kosin á stofnfundi. Stjórnendur skulu kosnir til þriggja ára í senn, þó þannig, að einn stjórnenda gangi úr árlega á aðalfundi, en hann má endurkjósa. Fyrstu tvö árin ræður hlutkesti, hver ganga skuli úr stjórninni en síðan ganga menn úr stjórn á hverjum aðalfundi eftir kjöraldri. Ef sæti verður autt í stjórninni milli aðalfunda, kýs stjórnin annan fjelagsmann í staðinn til að vera í stjórninni til næsta aðalfundar, ef henni þykir þess þurfa. Næsti aðalfundur kýs því næst mann í skarðið fyrir þann, sem frá fór. Kjörtími hans nær ekki lengur en til þess tíma, sem sá átti að fara frá, er hann er kosinn í staðinn fyrir.

17. gr.

Stjórnin kýs sjer formann, gjaldkera og ritara og skiftir með sjer störfum að öðru leyti. Ræður afl atkvæða í fjelagsstjórninni. Nú eru jöfn atkvæði og ræður þá atkvæði formanns. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, þegar annarhvor meðstjórnenda krefst þess. Það, sem gjörist á stjórnarfundum, skal bóka í gjörðarbók fjelagsins og ritar stjórnin undir.

Ályktanir á stjórnarfundum eru því aðeins löglegar, að minst tveir stjórnendur sjeu á fundi. Stjórnin ræður öllum fjelagsmálum milli funda og getur skuldbundið fjelagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett þær. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til veðsetningar. — Stjórnin hefir umráð vatnsveitunnar og annast öll framkvæmdarstörf. Meðal annars hefir hún vald til þess að semja við Reykjavíkurkaupstað um það, hvar og með hvaða kjörum vatn verði tekið úr vatnsæðum kaupstaðarins, ákveða hvar og hvernig vatnsæðar skuli lagðar, semja um kaup á öllu efni og áhöldum til vatnsveitunnar og alla vinnu við hana. Fjelagsstjórnin hefir og vald til þess að taka lán fyrir vatnsveitufjelagið og veðsetja eignir þess þeim til tryggingar, svo sem fyr segir. Gjaldkeri innheimtir vatnsskatt og allar aðrar tekjur fjelagsins og kvittar fyrir.

18. gr.

Fjelagsstjórnin setur þær reglur, sem hún telur við þurfa um notkun vatnsins og meðferð svo og um meðferð á vatnsæðum og tilhögun húsæða, efni í þær og vídd þeirra. Til þess að vatnsæð verði lögð frá aðalvatnsveitunni í hús, þarf skriflegt samþykki fjelagsstjórnar og mega engir framkvæma það starf nje heldur lögn húsæða, breytingar eða aðgjörðir á þeim, aðrir en þeir, sem löggiltir eru sem vatnsvirkjar í Reykjavíkurkaupstað, eða þeir, sem fjelagsstjórnin löggildir sem vatnsvirkjara fyrir vatnsveitufjelagið.

73

25. okt.

19. gr.

Fjelagsstjórnin eða eftirlitsmönnum, sem hún skipar, er heimilt að fara í hús fjelagsmanna til þess að athuga vatnsæðar og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Nú þykir fjelagsstjórn eða eftirlitsmanni útbúnaði ábótavant að einhverju leyti og skal þá fjelagsmaður tafarlaust bæta úr því á þann hátt og innan þess tíma, sem fjelagsstjórn eða eftirlitsmaður leggur fyrir, að öðrum kosti getur fjelagsstjórn látið framkvæma verkið á kostnað fjelagsmanns.

20. gr.

Fjelagsstjórn er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eigi greiða vatnsskatt á rjettum gjalddaga, vanrækja aðgjörðir samkvæmt 19. gr. eða eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu eða nota það svo óþrifnaði valdi, hvorttveggja að dómi fjelagsstjórnar. Sama er og ef fjelagsmaður vanrækir að halda vatnsæðum sínum vel við að álitu fjelagsstjórnar, vanrækir að gera við þær, ef þær bila, eða gætir þess ekki að forðast að frjósi í vatnsæðunum.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

21. gr.

Starfsár vatnsveitufjelagsins og reikningsár þess er almanaksárið.

22. gr.

Til þess að standast kostnað þann, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer, skulu fjelagsmenn greiða vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá, sem fjelagsstjórnin setur. Vatnsskattinn má taka lögtaki og skal hann trygður með lögveðrjetti í hlutaðeigandi fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Gjaldtagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl ár hvert. Þó má í gjaldskrá gjöra undantekningar frá þessu.

73

25 okt.

23. gr.
Tveir skulu vera endurskoðendur fjelagsins, kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Fer annar frá á aðalfundi ár hvert. Fyrsta árið ræður hlutkesti, hver frá fer. Ennfremur skal einn varamaður kosinn á aðalfundi til eins árs. Stofnfundur kýs hina fyrstu endurskoðendur og varaendurskoðanda.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal gjaldkeri hafa lokið við reikning fjelagsins undanfarið starfsár og afhent hann endurskoðendum. Með útgjöldum skulu í reikningum taldar þær upphæðir til frádráttar á bókuðu eignarverði fjelagsins, sem fjelagsstjórn ákveður. Endurskoðendur skulu ljúka endurskoðun innan 14 daga frá því reikningurinn kom þeim í hendur og afhenda hann formanni fjelagsstjórnar með athugasemdum sínum. Síðan skal fjelagsstjórn tafarlaust svara athugasemdum endurskoðenda og endursenda endurskoðendum, sem innan viku skulu gjöra tillögur til úrskurðar og fá síðan formanni fjelagsstjórnar aftur reikninginn.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum, skjölum og sjóði fjelagsins til eftirlits.

24. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að leggja í endurnýjunar- og varasjóð tekjuafgang fjelagsins að öllu eða nokkru leyti og má fjelagsstjórn eigi nota það sjóðfje nema með samþykki fjelagsfundar.

25. gr.

Brot fjelagsmanna á ákvæðum þessarar vatnsveitusamþykta varðar, auk skaðabóta, sektum alt að 500 kr., sem renna í fjelagssjóð.

Með sektamál skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því aðeins höfða, að fjelagsstjórnin, sá, er sjerstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess.

Sömu sektum sæta þeir, sem brjóta gegn einkarjetti fjelagsins til vatnssölu og gilda sömu reglur um þau sektamál.

26. gr.

Hver, sem skemmir vatnsæðar fjelagsins eða önnur mannvirki þess, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum, alt að 200 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

27. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta fjelaginu og fer þá um tillögur hjerablútandi sem um breytingar á samþyktninni. Fjelaginu skal og slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaga nr. 15, 20.

júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta fjelaginu, kveður og á um, **73**
 hvernig ráðstafað skuli eignum fjelagsins og um borgun skulda. Jafn- ^{25. okt.}
 framt skal fara eftir fyrirmælum 113. gr. tjeðra laga eftir því sem við á.

28. gr.

Nú rís ágreiningur um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, og skal þá, ef báðir aðiljar óska gjörðardóms, skorið úr slíkum ágreiningi með gjörðardómi, sem sje skipaður þrem mönnum dómkvöddum af sýslumanninum í Kjósarsýslu. Þetta nær þó eigi til sektamála, sem ræðir um í 25. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. nóvember 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

um

vatnsskatt í Vatnsveitufjelagi Skildingannesskaupþúns.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu fjelagsins, skal greiða vatnsskatt árlega er sje 5% — fimm af þúsundi — af fasteignarmatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 3 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 6 kr. fyrir hvern vatnskranu utanhúss.

2. gr.

Vatnsskattur fyrir verkmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við fjelagsstjórn-

74

25. okt.